

DRÖG

Urðunarstaðurinn á Álfsnesi. Botn- og hliðarpétting.

Vegna bréfs Umhverfisstofnunar frá október, 2013, varðandi kröfur um botn- og hliðarpéttingu í nýju starfsleyfi.

Í ofangreindu bréfi Umhverfisstofnunar kemur fram að SORPA bs hafi lagt fram vandað líkan frá Vatnaskilum fyrir innstreymi vatns á urðunarstaðinn og að niðurstöður mælinga og útreikninga bendi til þess að mjög góður árangur hafi náðst við sigvatnssöfnun á urðunarstaðnum. Telur stofnunin að góðan árangur í vatnsbúskap á urðunarstaðnum megi rekja til þess að botn- og hliðarpéttingar urðunarstaðarins gegni því hlutverki, sem þeim var ætlað. Um þetta er fullt samkomulag.

Botn þess hluta urðunarstaðarins, sem ofangreint líkan og útreikningar eru byggð á, er að hluta til neðan grunnvatnsborðs og að hluta til ofan grunnvatnsborðs. Það er ljóst skv. ofangreindu, að botnpétting með lektarstuðli 10^{-8} hefur gengt tilætluðu hlutverki á þeim hlutum urðunarstaðarins, þar sem botn urðunarreina er ofan grunnvatnsborðs. Hins vegar má einnig telja ljóst, að botnpéttingin hefur gegnt óverulegu hlutverki í mengunarförnum urðunarstaðarins á þeim svæðum, þar sem botninn er neðan grunnvatnsborðs og því stöðugt innrennsli inn í söfnunarkerfi sigvatns upp í gegnum botnpéttinguna. Við þær aðstæður telur SORPA bs, að náttúruleg botnpétting hefði gert sama gagn.

Hliðarpéttingar hafa án efa gert umtalsvert gagn til að verja umhverfi núverandi urðunarsvæðis gegn mengun og átt þátt í góðum árangri í söfnun sigvatns eins og fram kemur í bréfi Umhverfisstofnunar.

Á framtíðarhluta urðunarstaðarins er gert ráð fyrir að grunnvatnsstreymi verði alls staðar stöðugt upp í gegnum botninn, þar sem grunnvatnið umlykur jaðra svæðisins og leitast þannig við að flæða inn á graftrarsvæðið, eins og fram kemur í skýrslu Vatnaskila frá 2013. SORPA bs telur því, að þar megi nota eingöngu náttúrulega botnpéttingu með lektarstuðli $\leq 10^{-6}$ eins og fram hefur komið í umsóknarferlinu. Hins vegar er lagt til í samræmi við bréf Umhverfisstofnunar, að því verði bætt við í nýju starfsleyfi, að ef einhver hluti framtíðarsvæðisins verði við eða yfir áætluðu grunnvatnsborði, þá verði notuð samskonar botnpétting og Umhverfisstofnun leggur nú til fyrir allt svæðið, þ.e. lektarstuðull 10^{-8} . Einnig er býðst SORPA bs til þess að bora 3-4 nýjar holur til vatnshæðarmælinga við framtíðarsvæðið í samráði við Umhverfisstofnun, þannig að enn áreiðanlegri gögn fái til áframhaldandi líkangerðar til þess að byggja ákvarðanir á, sbr. skýrslu Vatnaskila.

Líkan Vatnaskila sýnir einnig, að á framtíðarsvæðinu muni grunnvatn ekki umlykja vegg nýrra urðunarreina (Myndir 9 og 10) þannig að þar verður möguleiki fyrir sigvatn að komast út í umhverfið eins og rætt er í bréfi Umhverfisstofnunar. SORPA bs gerði ráð fyrir að leysa það vandmál með drenlagi milli baggastæðu og veggja. Það er hins vegar umdeilanlegt, hvort það sé nægilegt, þannig að SORPA bs leggur til að krafa verði gerð um veggpéttingar með þéttidúk, eins og t.d. er gert á urðunarstaðnum við Norðurá.

Gert er ráð fyrir drenlagi að lágmarki 500 mm á botni framtíðarhluta urðunarstaðarins.

Varðandi mengunareftirlit vegna sigvatns, þá býðst SORPA bs einnig til að bora nýja holu til mengunarmælinga í stað holu ÁN-2 til viðbótar við ofangreindar holur. Hola ÁN-2 hefur lengi valdið vandræðum vegna gróðurmyndunar í þeim mýrarjarðvegi, sem hún er staðsett í.

Björn Jóhann Björnsson
Bjarni G.P. Hjarðar
Ásbjörn Einarsson